

## REGLUGERÐ

37

10. marz

um breyting á reglugerð nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

37. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Ferskfiskeftirlitið metur ferskan fisk í þrjá aðalflokka eftir gæðum, þannig:

1. fl. Fiskur, hæfur í alla matvælaframleiðslu.
2. fl. Fiskur, sem ekki er hæfur til frystingar, en hæfur til verkunar í lægri gæðaflokka saltfisks og skreiðar.
3. fl. Óvinnsluhæfur fiskur, t. d. fiskur, sem ber merki um súr eða ýldu eða er morkinn úr netum.

Meta má í fleiri flokka, ef verðlagsgrundvöllur eða aðrar ástæður gefa tilefni til. Fiskmatsráð gefur eftirlitsmönnum fyrirmæli um nánari skilgreiningu flokka-anna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 10. marz 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

## SAMÞYKKT

38

11. marz

fyrir Veidifélag Árnesinga.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Árnesinga. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.

2. gr.

Félagssvæðið er allar þær jarðir, sem land eiga að eftirtöldum laxveiðiám og eru þær þessar:

*Ölfusá:*

Óseyrarnes, Hraun, Hraunshjáleiga, Lágur, Hraunshóll, Flóagafli, Hallskot, Kaldaðarnes, Lambastaðir, Kálfhagi, Arnarbæli, Auðsholt, Auðsholtshjáleiga, Ósgerði, Kirkjuferja, Kirkjuferjuhjáleiga, Litla-Sandvík, Kotferja, Stóra-Sandvík I—II, Eyði-Sandvík, Björk, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Þórustaðir, Árbær, Selfoss I, II og III, Hellir og Fossnes, Laugardælur, Laugarbakkar, Tannastaðir.

*Sog:*

Alviðra, Torfastaðir I og II, Miðengi, Bildsfell, Tunga, Ásgarður, Syðri-Brú, Búrfell I og II.

*Höskuldslækur:*

Stóra-Borg, Foss, Mýrarkot, Hraun.